

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023,
breytt landnotkun og stækkun þéttbýlis, Reykjahlíð.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 16. janúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 24. september 2014.

Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustureitur 122-S/V breytist í íbúðarsvæði 122-Íb. Afmörkun þéttbýlis Reykjahlíðar stækkar til norðvesturs og við það stækkar hverfisverndarsvæði 103/Hv. Innan hverfisverndarsvæðisins eru sett skipulagsákvæði og afmarkaður reitur 123-V fyrir ferðaþjónustu. Jafnframt er afmarkað verslunar- og þjónustusvæði 124-V fyrir fuglahús sunnan þjóðveggar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 16. janúar 2015.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.